



Borgarnesi 01.03 2021

Til sveitarfélaga á Vesturlandi

Efni; Aðalfundarboð

Hér með er boðað til aðalfundar Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi. Fundurinn fer fram á Hótel Hamri, Borgarnesi miðvikudaginn 24 mars 2021. Sama dag verða einnig aðalfundir Starfsendurhæfingar Vesturlands, Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands, Heilbrigðisnefndar Vesturlands og Sorpurðunar Vesturlands.

Dagskrá miðvikudaginn 24 mars verður sem hér segir:

- | | |
|----------|--|
| Kl.09.30 | Aðalfundur Starfsendurhæfingar Vesturlands |
| Kl.10.15 | Aðalfundur Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands |
| Kl.11.15 | Aðalfundur Heilbrigðisnefndar Vesturlands |
| Kl.12.15 | Hádegisverður |
| Kl.13.00 | Aðalfundur Sorpurðunar Vesturlands |
| Kl.14.00 | Aðalfundur Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi |


Eftirtaldir dagskrárlíðir verða teknir fyrir á aðalfundi SSV samkvæmt lögum SSV;

- Skýrsla stjórnar SSV um starfsemi liðins árs.
- Ársreikningur SSV, ásamt skýrslu endurskoðanda
- Ákvörðun um laun og þóknun til stjórnar og nefnda.
- Kosning endurskoðanda.
- Önnur mál löglega fram borin.

Seturétt á aðalfundi SSV eiga fulltrúar sveitarfélaganna á Vesturlandi sem kosnir eru fulltrúar á aðalfund SSV. Nánar er kveðið á um kjör fulltrúa á aðalfund í 5. gr. laga SSV. Ársreikningur SSV ásamt ársskýrslu fyrir árið 2020 verða send sveitarfélögnum fyrir aðalfundinn. Vakin er athygli á því að á Haustþingi SSV í október 2020 var samþykkt fjárhags- og starfsáætlun fyrir árið 2021.

Fulltrúar á aðalfundi SSV hafa jafnframt seturétt á öðrum aðalfundum sem fram fara þann dag. Rétt er að geta þess að sveitarfélögin þurfa að skila inn umboði um hver fer með atkvæðisrétt fyrir þeirra hönd á fundum Heilbrigðisnefndar Vesturlands og Sorpurðunar Vesturlands. Á fundi Starfsendurhæfingar Vesturlands fer formaður SSV með

atkvæðisréttinn fyrir hönd sveitarfélaganna. Allir fulltrúar sem sitja fund
Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands hafa atkvæðisrétt


Páll S. Brynjarsson
Framkvæmdastjóri SSV